

Svæðisskipulag Suðurnesja 2024 – 2040



Umhverfismatsskýrsla
Nóvember 2025



SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM



Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
1.1	Matsskylda og markmið umhverfismats	1
1.2	Nálgun umhverfismats	1
2	Helstu niðurstöður umhverfismats	2
3	Samanburður valkosta	7
3.1	Færsla lagnabeltis	7
3.2	Efnistökusvæði	8
3.3	Þróunarsvæði	8
3.4	Orkuvinnsla	9
4	Samræmi við áætlanir	11
5	Heimildir	15

1 Inngangur

Svæðisskipulag Suðurnesja 2024–2040 er landnotkunaráætlun sem nær til fjögurra sveitarfélaga: Suðurnesjabæjar, Sveitarfélagsins Voga, Grindavíkurbæjar og Reykjanesbæjar. Einnig nær skipulagið til starfsemi Landhelgisgæslunnar og Keflavíkurflugvallar á Keflavíkurflugvelli. Skipulagið er unnið af svæðisskipulagsnefnd.

Tilgangur þessarar umhverfismatsskýrslu er að greina frá því hvaða áhrif stefnumörkun svæðisskipulagsins í tilteknum málaflokkum kunni að hafa á umhverfið og hvernig tekið var tillit til þessara áhrifa við mótun skipulagsins. Jafnframt er það tilgangur að auka gæði áætlana, þróa og samþætta fyrirbyggjandi stefnur í umhverfismálum og sjálfbærri þróun þ.m.t. á grundvelli Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Markmið umhverfismatsins er að sá sem mótar stefnuna taki tillit til áhrifa hennar á umhverfið og bregðist við með það að leiðarljósi að draga úr eða koma í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif.

1.1 Matsskylda og markmið umhverfismats

Gerð svæðisskipulags fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 þar sem um er að ræða:

- Skipulagsáætlanir og breytingar á þeim samkvæmt skipulagslögum og lögum um skipulag haf- og strandsvæða.
- Áætlun sem markar stefnu um leyfisveitingar til framkvæmda sem til greindar eru í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.
- Eru undirbúnar og/eða afgreiddar af stjórnvöldum og unnar samkvæmt lögum eða ákvörðun ráðherra.
- Varða framkvæmdir sem kunna eða eru líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Í 1. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 kemur fram að markmið laganna sé:

- Sjálfbær þróun, heilnæmt umhverfi og umhverfisvernd sem vinna skal að með umhverfismati framkvæmda og áætlana sem eru líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.
- Skilvirkni við umhverfismat framkvæmda og áætlana.
- Að almenningur hafi aðkomu að umhverfismati framkvæmda og áætlana og samvinna aðila sem hafa hagsmuna að gæta eða láta sig málið varða vegna umhverfismats framkvæmda og áætlana.

Matsvinnan fyrir Svæðisskipulag Suðurnesja miðaði við að þessum tilgangi laganna yrði náð.

1.2 Nálgun umhverfismats

Matsvinnan fór fram samhliða mótun svæðisskipulags til að tryggja að horft sé til umhverfissjónarmiða. Helstu áhrifapættir skipulagsins snúa að meginviðfangsefnum þess, sem eru (1) loftslagsmál og náttúruvá, (2) atvinna, (3) auðlindir, (4) veitur og samgöngur og (5) samfélag og íbúapróun. Sérstök áhersla er lögð á umfjöllun um breytingar frá síðustu umhverfismatsskýrslu Svæðisskipulags Suðurnesja 2008-2024 (Samvinnunefnd um Svæðisskipulag Suðurnesja, VSÓ Ráðgjöf og Kanon Arkitektar, 2012), einkum hvað varðar afmörkun og legu meginlagnaleiða, þróunarsvæða og efnistökusvæða.

Matsvinna fólst aðallega í að:

- benda á möguleg umhverfisáhrif fyrir mismunandi stefnur og aðgerðir sem komu fram í skipulagsvinnunni og stuðla að upplýstri og gegnsærri ákvarðanatöku við mótun svæðisskipulags,
- aðstoða við að skilgreina markmið og leiðir í svæðisskipulaginu á samræmdan hátt,
- fjalla um valkosti,
- greina áhrifaþætti og umhverfisþætti sem verða fyrir áhrifum,
- meta áhrif, skilgreina mótvægisáðgerðir og vöktun,
- vinna umhverfisskýrslu.

Umhverfisþættir sem eru teknir til skoðunar eru:

- Landslag og ásjúnd
- Loftslag
- Grunnvatn
- Heilsa og öryggi
- Menningarminjar
- Samfélag
- Náttúruminjar

Við mat á umfangi áhrifa er horft til opinberra viðmiða sem fram koma í stefnum og áætlunum, auk þess sem tekið er mið af ástandi og þróun umhverfisþátta án áætlunarinnar. Sérstök áhersla er lögð á Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna (Stjórnarráð Íslands, 2025) og stefnumörkun stjórnvalda í umhverfis- og loftslagsmálum.

Í samræmi við niðurstöður matsspurninga og hvernig þær falla að viðmiðum er lagt mat á vægi umhverfisáhrifa. Flokkun umhverfisáhrifa er eftirfarandi:

Mjög neikvæð (--)	Neikvæð (-)	Engin/óveruleg (0)	Jákvæð (+)	Mjög jákvæð (++)
Umfang áhrifa mikið, gengur gegn helstu viðmiðum.	Umfang áhrifa er nokkuð, fellur ekki að viðmiðum að hluta.	Umfang áhrifa er lítið eða ekkert. Fellur að viðmiðum.	Umfang áhrifa er nokkuð, fellur að viðmiðum að hluta.	Umfang áhrifa mikið, er í samræmi við öll viðmið.

Mjög neikvæð áhrif eru skilgreind ef eitt eða fleiri af eftirfarandi atriðum eiga við: Áhrif eru varanleg, skapa hættu fyrir heilbrigði fólks og umhverfið, ná til stórs svæðis og/eða mikils fjölda fólks, gengur gegn stefnumiðum stjórnvalda, lögum og reglum, alþjóðlegum samningum eða öðrum áætlunum sem í gildi eru.

Ef áhrif eru metin neikvæð eða mjög neikvæð er brugðist við með breytingu á stefnu eða mótvægisáðgerðum. Einnig geta niðurstöður matsins nýst til að móta vöktunaraðgerðir ef óvissa ríkir um áhrif. Umfjöllun um umhverfisáhrif svæðisskipulagsins beinist að þeim umhverfisþáttum sem líklegast verða fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðra breytinga. Í töflu 3.1 er yfirlit yfir þá umhverfisþætti sem verða sérstaklega skoðaðir í skipulagsvinnunni.

2 Helstu niðurstöður umhverfismats

Líkleg áhrif svæðisskipulags Suðurnesja eru á heildina lítið jákvæð á samfélag en gert er ráð fyrir aukinni uppbyggingu í tengslum við alþjóðaflugvöll og orkuauðlindir, áherslur á öryggi íbúa og viðbrögð við náttúruvá, áherslur á loftslagsmál og náttúruvernd. Auk þeirrar stefnu um að gera svæðið að eftirsóknarverðum búsetu- og atvinnukosti.

Stefna Svæðisskipulags Suðurnesja 2024-2040 miðar að því að styrkja samfélagið á Suðurnesjum og leitast er við að samrýma hagsmuni náttúruverndar og jarðhitanýtingar til hagsbóta fyrir svæðið í heild. Tafla 1.1 sýnir niðurstöður umhverfismats Svæðisskipulags Suðurnesja.

Núllkostur

Núllkostur felur í sér líklega þróun umhverfisins án framkvæmdar eða framfylgðar skipulagsáætlunarinnar. Ef ekki kemur til svæðisskipulags Suðurnesja 2024–2040 má búast við að þróun samfélags, landnotkunar og innviða verði ósamræmdari og síður í takt við markmið um sjálfbæra þróun, náttúruvernd og viðnámsþrótt gagnvart loftslagsbreytingum og náttúruvá.

Þótt einstakir framkvæmdakaflar skipulagsins komi ekki til framkvæmda, er líklegra að þróunin haldi samt áfram en þá með minni yfirsýn. Það getur leitt til aukinnar og dreifðari röskunar á náttúru, landslagi og menningarminjum, þar sem ákvarðanir eru teknar án sameiginlegs ramma og forgangsöðunar. Þetta á sérstaklega við um nýjar lagnaleiðir, framkvæmdir á orkuvinnslusvæðum og þróunarsvæðum og efnistökusvæði.

Tafla 2.1 Samantekt á helstu niðurstöðum umhverfismats og samræmi við heimsmarkmið.

Umhverfisþáttur		Líkleg áhrif svæðisskipulags
Samfélag		
	Sjálfbærar borgir og samfélög	Leiðarljós, stefna og markmið svæðisskipulags Suðurnesja styðja við vöxt samfélagsins með áherslu á sjálfbærni, loftslagsmál og öryggi. Skipulagið stuðlar að þróun atvinnusvæða og íbúðarbyggðar sem styrkir atvinnulíf, fjölbreytt atvinnutækifæri og tryggir öfluga innviði, þar með talið samgöngur, orkuöryggi og fjarskipti. Gert er ráð fyrir aukinni uppbyggingu í tengslum við alþjóðaflugvöll og orkuauðlindir sem mun styrkja atvinnulíf og innviði svæðisins. Áhersla er lögð á styrkingu samfélagslegrar þjónustu sem bætir aðgengi að menntun, heilbrigðisþjónustu og menningu, sem stuðla að bættri lýðheilsu og öryggi íbúa. Umfjöllun um náttúruvá og mótun aðgerða til að bregðast við henni eru einnig hluti af stefnu svæðisskipulagsins og styrkja viðnámsþrótt samfélagsins. Áhersla er á öryggi íbúa og viðbrögð við náttúruvá. Stefnumótun svæðisskipulagsins miðar að því að skapa sterkt, sjálfbært samfélag sem býr við örugga innviði og stuðlar að góðum lífsskilyrðum á Suðurnesjum. Stefnt er að því að gera svæðið að eftirsóknarverðum búsetu- og atvinnukosti, sem mun styðja við jákvæða þróun samfélagsins.
	Góð atvinna og hagvöxtur	
Landslag og ásynd		
	Lífriki á landi	Tilfærsla á meginlagnaleiðum er líkleg til að hafa neikvæð áhrif á landslag, þar sem farið er um áður öröskuð svæði. Orkuvinnslusvæði, efnistökusvæði og þróunarsvæði eru líkleg til að hafa í för með sér breytingu á ásynd svæðis, þar sem þau kunna að raska jarðmyndunum og breyta landslagsheild. Afmörkun meginlagnabelta og þróunarsvæða getur dregið úr áhrifum á landslag með því að beina uppbyggingu að ákveðnum svæðum og halda öðrum svæðum ósnortnum. Óbyggð víðerni er á Suðurnesjum m.v. fyrirbyggjandi afmörkun og er staðsett milli Fagradalsfjalls og Vesturháls. Miðað við stefnu svæðisskipulagsins er ekki gert ráð fyrir að óbyggð víðerni skerðist vegna nýrra mannvirkja til að framfylgja stenu skipulagsins. Gert er ráð fyrir að viðhalda náttúru strandlengjunnar og að efla og styrkja útivistarsvæði á Suðurnesjum og bæta aðgengi þeirra og aðstöðu, sem styrkir landslagsgæði og ásynd svæðisins. Rask á yfirborði vegna jarðhitanýtingar getur haft í för með sér neikvæð áhrif á gildi svæðis fyrir íbúa og ferðamenn. Stefna um að samþætta nýtingu og verndarsjónarmið með aðferða- og hugmyndafræði jarðvanga er leið til að draga úr eða koma í veg fyrir neikvæð áhrif uppbyggingar á landslag. Í svæðisskipulagi eru settir fram skipulagsákvæði sem draga úr neikvæðum áhrifum uppbyggingar, svo sem með því að velja legu mannvirkja sem fellur betur að landslagi, takmarka rask á viðkvæmum svæðum og nýta landmótun til að draga úr sjónrænum áhrifum. Þannig er reynt að tryggja að þróun svæðisins raski sem minnst náttúrulegri ásynd og jarðfræðilegum sérkennum þess.
	Sjálfbærar borgir og samfélög	
Grunnvatn		

Hreint vatn og hreinlætisaðstaða	Afmörkun vatnsverndarsvæða á Suðurnesjum stuðlar að öruggu aðgengi að neysluvatni og setur skýrar takmarkanir á landnotkun innan þessara svæða. Skipulagsákvæði um framkvæmdir á svæðinu eru til þess fallnir að draga úr eða koma í veg fyrir neikvæð áhrif á grunnvatn. Með því er stuðlað að sjálfbærri nýtingu vatnsauðlinda og tryggt að neysluvatnsvæði haldist hreint og ómengað. Í vinnu við gerð svæðisskipulags er tekið mið af stefnu og markmiðum Vatnaáætlunar 2022–2027, sem kveður á um vernd vatnshlota og sjálfbæra nýtingu vatnsauðlinda. Samkvæmt henni skal tryggja að framkvæmdir og landnotkun á svæðinu valdi sem minnstum áhrifum á vatnafar og gæði grunnvatns.
Sjálfbærar borgir og samfélög	Menningarminjar eru skráðar víða á eða við þau svæði þar sem stefnt er að uppbyggingu atvinnustarfsemi, byggðar, innviða og orkumannvirkja. Líklegt er að uppbygging í samræmi við stefnu svæðisskipulagsins geti haft neikvæð áhrif á menningarminjar, sérstaklega á svæðum sem hingað til hafa verið lítt röskuð. Áður en farið verður í framkvæmdir þarf að liggja fyrir skráning á fornleifum.
Sjálfbærar borgir og samfélög	Stefnumörkun svæðisskipulags Suðurnesja um náttúruvernd, útivist, stígakerfi og fjölbreytta ferðamáta er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á lýðheilsu, meðal annars með því að bæta hljóðvist, loftgæði og aðgengi að grænum svæðum og stuðla að aukinni hreyfingu og öflugri grænum innviðum. Afmörkun og staðsetning íbúðarbyggðar, atvinnusvæða, innviða og orkumannvirkja í svæðisskipulaginu tekur mið af gæðum umhverfisins, þar á meðal hljóðvist, loftgæðum og grænum svæðum. Svæðisskipulagið tekur jafnframt mið af náttúruvá, svo sem eldgosum, jarðskjálftum og sjávarflóðum, og leggur áherslu á að tryggja öryggi íbúa og starfsemi. Skipulagsákvæði um áhættumat og skipulag framkvæmda eru ætlaðir til að auka öryggi og viðnámsþrótt samfélagsins gagnvart náttúruvá. Tilfærsla megin lagnabelta og varnir samgönguinnviða í svæðisskipulaginu styrkja viðbúnað og draga úr áhrifum náttúruvár. Stefnumótunin stuðlar að því að samfélagið geti mætt áföllum og lagað sig að breyttum aðstæðum.
Sjálfbær orka Aðgerðir í loftslagsmálum	Í svæðisskipulagi Suðurnesja er lögð áhersla á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda sem hlýst af uppbyggingu, samgöngum og atvinnustarfsemi, og auka aðlögunarhæfni svæðisins gagnvart loftslagsbreytingum. Stofnun umhverfis- og loftslagsráðs mun móta sterka umgjörð um loftslagsmál á Suðurnesjum. Þar verður sameiginlegur vettvangur til að samræma aðgerðir og stefnu sem miða að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, sem er líklegt til að hafa jákvæð áhrif. Sterkir þéttbýliskjarnar, efling almenningssamgangna og aukin nálægð þjónustu geta dregið úr bílaumferð og þannig minnkað losun frá umferð. Skógrækt og vistheimt geta einnig dregið úr heildarlosun svæðisins, en ljóst er að losun gróðurhúsalofttegunda fylgir auknum umsvifum á Suðurnesjum.

Náttúruminjar



Lífriki á landi

Neikvæð áhrif geta falist í aukinni losun sem fylgir hraðri uppbyggingu og auknum umsvifum, þar á meðal vegna orku- og samgönguinnviða, jarðrasks og úrgangsmyndunar.

Á Suðurnesjum er töluvert um náttúruminjar sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, einkum jarðminjar. Uppbygging atvinnustarfsemi, innviða, orkumannvirkja og þróun byggðar geta raskað jarðmyndunum. Með afmörkun meginlagnabelta og þróunarsvæða í svæðisskipulagi er stuðlað að því að dregið sé úr áhrifum á náttúruminjar með því að beina uppbyggingu að ákveðnum svæðum og halda öðrum svæðum ósnortnum.

Áhersla er lögð á að auka þekkingu og vitund um jarðvang Suðurnesja sem stuðlar að náttúruvernd samhliða nýtingu jarðhita og annarra auðlinda á svæðinu. Með því móti er hugað að hagsmunum ólíkra aðila.

Verndun strandlengjunnar og markmið um að viðhalda og vernda náttúru, jarðfræði og landslag hafa jákvæð áhrif og stuðla að varðveislu náttúrugilda svæðisins. Áður en framkvæmdir hefjast á svæðum þar sem náttúruminjar njóta sérstakrar verndar, skal sýna fram á brýna nauðsyn fyrir röskun og leggja fram mótvægisáðgerðir þar sem við á.

Stefna svæðisskipulagsins er ekki líkleg til að hafa áhrif á óbyggð víðerni á Suðurnesjum.

3 Samanburður valkosta

Í umhverfismati er gerð grein fyrir heildaráhrifum breytinga sem lagðar eru fram í skipulagi og hvaða áhrif þessar breytingar kunna að hafa á skilgreinda umhverfisþætti. Einnig er gerður samanburður á viðfangsefnum þar sem nýjar eða ólíkar útfærslur koma til álita í svæðisskipulagstillögu og bornar saman við núllkost, þ.e. óbreytta stefnu. Þessi viðfangsefni varða einkum innviðauppbýgging og skilgreiningu þróunarsvæða.

3.1 Færsla lagnabeltis

Í stefnumótun svæðisskipulags er lagt til að skilgreina nýtt lagnabelti á Reykjanesinu og mögulegar framtíðartengingar. Núverandi lagnabelti liggur yfir svæði sem er á náttúruminjasrá sem aðrar náttúruminjar (Umhverfisstofnun, 2025). Um er að ræða Reykjanes, Eldvörp og Hafnaberg og felst verndargildi svæðis í jarðminjum t.a.m. gígaraðir, dyngjur og hverasvæði. Tilfærsla lagnabeltis mun áfram liggja innan svæðis á náttúruminjasrá en á styttri kafla. Bæði núverandi lega lagnabeltis og færsla liggja nálægt Seltjörn og Snorrastaðatjörnum, sem eru einnig skilgreindar sem aðrar náttúruminjar á náttúruminjasrá, sem mikilvægur áningarstaður farfugla og kjörið útivistarsvæði. Valkostirnir liggja sömuleiðis báðir um jarðminjar sem falla undir sérstaka vernd samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 60/2013 en í lögnum kemur fram að forðast beri að raska þeim jarðminjum nema brýn nauðsyn beri til. Með tilliti til útbreiðslu eldhrauns á skipulagssvæðinu er óhjákvæmilegt að rask verði á eldhrauni en við nánari útfærslu framkvæmda á seinni stigum skal gæta þess að lágmarka rask á jarðmyndunum eins og kostur er, einkum á eldvörpum, gervigígum og hraunhellum.

Reykjanes jarðvangur hefur að geyma marga jarðminjastaði (Reykjanes Geopark, 2025) og mun lagnabeltið færast frá sumum jarðminjastöðum en nær öðrum. Einkum er það leiðin milli Reykjanesvirkjunar og Svartsengisvirkjunar þar sem lagnabelti mun færast nær jarðminjastöðum,

t.a.m. Brimkatli, Gunnhver og Háleyjabungu. Lagnabeltið mun áfram verða nálægt Bláa lóninu og Seltjörn.

Báðir valkostir liggja um eða í nálægð við hverfisverndarsvæði þar sem verndargildi felast einkum í jarðminjum og þjóðleiðum sem hafa gildi vegna menningarminja og útivistar. Lagnabelti er líklegt til að fela í sér breytingar á einkennum landslags, óháð staðsetningu, og auka hlutdeild mannvirkja á svæðum sem að einhverjum hluta einkennast lítið af mannvirkjum í dag. Með skilgreiningu á nýju lagnabelti er einnig verið að stýra uppbyggingu á Suðurnesjunum á ákveðin svæði og þar með verða önnur svæði án mannvirka.

Núverandi lagnabelti liggur um fjarsvæði vatnsverndar sem þekja stóran hluta af Reykjanesinu. Lagnabeltið liggur einnig um tvö grannsvæði vatnsverndar, annað sem er staðsett við Reykjanesvirkjun og grannsvæði Lága. Færsla lagnabeltis liggur einnig um fjarsvæði vatnsverndar en fer minna um grannsvæði. Lagnabeltið, óháð valkostum, liggur um eftirfarandi grunnvatnshlot (Stjórn Vatnamála, 2025):

- 104-263-G Reykjanes
- 104-115-1-G Rosmhvalanes 1
- 104-115-1-G Rosmhvalanes 2
- 104-265-G Straumsvíkurstraumur

Almennt geta hverskyns framkvæmdir og rask á landi haft í för með sér mengunarhættu, sérstaklega ef ekki er gætt varúðar. Fara þarf eftir ákvæðum í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns vegna vinnu innan fjarsvæðis eða grannsvæðis. Ólíklegt er að staðsetning lagnabeltis valdi því að vatnshlot rýrni eða nái ekki umhverfismarkmiðum sínum. Áður en farið er í framkvæmdir þarf að vinna áhrifamat samanber Vatnaáætlun Íslands 2022-2027 (Umhverfisstofnun og Stjórn Vatnamála, 2022) og lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Jarðhræringar og gosumbrot hafa verið áberandi á Reykjaneskaganum undanfarin ár eftir að fór að gjósa í Fagradalsfjalli 2021. Náttúruvá ógnar raflinum og afhendingaröryggi raforku og vatns á þessu svæði og með

skilgreiningu á nýju lagnabelti er farið eftir öruggari leið til þess að bregðast við náttúruvá. Nýjar tengingar eru einnig jákvæðar fyrir uppbyggingu á Suðurnesjunum sem styrkir atvinnu og innviði á svæðinu.

Umhverfisþáttur	Svæðisskipulag Suðurnesja 2024-2040	Óbreytt stefnumótun
Landslag og ásjúnd	Neikvæð (-)	Neikvæð (-)
Náttúruminjar	Neikvæð (-)	Neikvæð (-)
Heilsa og öryggi	Jákvæð (+)	Neikvæð (-)
Grunnvatn	Óveruleg / engin (0)	Óveruleg / engin (0)

3.2 Efnistökusvæði

Svæðisskipulag setur fram í stefnumótun sinni að sveitarfélög afmarki efnisnámur og geymslusvæði jarðefna, sem henta fyrir gerð varnargarða en mikilvægt er að afmarka svæði þar sem mögulegt er að sækja efni í varnargarða með stuttum fyrirvara. Um er að ræða efnistökusvæði sem eru þegar á aðalskipulagi sveitarfélaga og er því ekki um að ræða fjölgun efnistökusvæða. Í einhverjum tilfellum þarf að skoða nánar á seinni stigum hvort þörf sé á auknu umfangi svæðanna.

Þrjú möguleg efnistökusvæði eru skilgreind innan Reykjanesfólkvangs en verndargildi svæðisins felst einkum í jarðhita og jarðmyndunum. Tvö efnistökusvæði eru einnig skilgreind innan/í jaðri svæða sem er á náttúruminjasrá sem aðrar náttúruminjar. Þetta eru svæðin Reykjanes, Eldvörp og Hafnaberg, ásamt Sundhnúksröðinni og Fagradal en verndargildi þessara svæða felast í jarðmyndunum. Eitt mögulegt efnistökusvæði er nálægt jarðminjastað innan Reykjanesjarðvangsins, Brúnni milli heimsálfa. Nokkur efnistökusvæði eru í nálægð við gíga og hraunhella frá nútíma sem njóta verndar skv. 61.gr í lögum um náttúruvernd 60/2013. Eldhraun frá nútíma njóta einnig sömu verndar og er útbreidd á skipulagssvæðinu og eru flest efnistökusvæðin staðsett á eldhrauni. Ef umfang efnistökusvæða eykst má búast við raski á jarðminjum sem nýtur sérstakrar verndar. Að mati

svæðisskipulagsnefndar er til staðar brýn nauðsyn um að hægt sé að nýta efnistökusvæði til mótnar varnargarða með skömmum fyrirvara fyrir innviði og byggð, þegar náttúruvá gerir vart við sig.

Efnistaka hefur áhrif á landslag og ásjúnd svæðis. Ekki er um að ræða fjölgun efnistökusvæða en ef umfang efnistöku eykst má búast við staðbundnum breytingum á landslagi.

Möguleg efnistökusvæði eru skilgreind innan fjarsvæðis vatnsverndar og grunnvatnshlota. Framkvæmdir og rask á landi geta haft í för með sér mengunarhættu ef ekki er gætt varúðar. Við vinnu innan fjarsvæðis skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns auk þess sem vinna þarf áhrifamat vegna efnistöku í samræmi við Vatnaáætlun Íslands 2022–2027 og lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Með því að skilgreina fleiri efnistökusvæði er hægt að vinna meiri fyrirvinnu hvað varðar staðsetningu svæðanna og koma þannig í veg fyrir eða lágmarka rask þar sem verndargildi er metið hátt. Mikil þörf er fyrir því að geta sótt í efnistökusvæði með stuttum fyrirvara vegna náttúruvá. Meiri möguleiki er þá til þess að verja innviði samfélagsins og byggð og hefur það jákvæð áhrif á öryggi.

Umhverfisþáttur	Svæðisskipulag Suðurnesja 2024-2040	Óbreytt stefnumótun
Landslag og ásjúnd	Neikvæð (-)	Neikvæð (-)
Náttúruminjar	Neikvæð (-)	Neikvæð (-)
Heilsa og öryggi	Mjög Jákvæð (++)	Óveruleg / engin (0)
Grunnvatn	Óveruleg / engin (0)	Óveruleg / engin (0)

3.3 Þróunarsvæði

Í stefnumótun svæðisskipulags eru skilgreind þróunarsvæði þar sem áhersla er lögð á uppbyggingu atvinnustarfsemi. Breyting frá eldra svæðisskipulagi felst í að svæði C, Keilisnes / Flekkuvík þar sem gert er ráð fyrir

matvælaframleiðslu, fjölbreyttri iðnaðarstarfsemi og stórskipahöfn, er stækkað. Þá er tveimur þróunarsvæðum bætt við. Svæði E, auðlindagarður á Svartsengi þar sem gert er ráð fyrir nýtingu jarðhita, orkuvinnslu og orkurannsóknum, ferðaþjónustu, nýsköpun og þróun. Svæði F, þar sem er gert ráð fyrir matvælaframleiðslu.

Svæði E og F ásamt stækkun á svæði C eru í jaðri svæða sem eru á náttúruminjasrá undir aðrar náttúruminjar. Svæði C liggur við Tjarnir á Vatnsleysuströnd, þar sem er að finna lífríkar tjarnir sem einkennast af fjölbreyttu fuglalífi. Svæði F er við strandsvæði vestan Grindavíkur en þar er margbreytilegur strandgróður og fjölskrúðugt fuglalíf. Svæði E liggur við Sundhnúksröðina og Fagradal, þar sem verndargildið felst í jarðmyndunum. Svæði C er í nálægð við Keilisnes og Staðarborg, hringlaga fjárborg, sem eru jarðminjastaðir innan Reykjanesfólkvangs. Eldhraun eru útbreidd á Reykjanesskaga og njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga 60/2013. Svæði F og E ásamt stækkun á svæði C eru staðsett á eldhraunum.

Uppbyggingin hefur áhrif á ásýnd svæðisins en á svæðum E og F sem og við stækkun á svæði C er um að ræða þróun á svæðum þar sem fyrir er starfsemi. Því er hlutdeild mannvirkja að aukast á svæðum sem einkennast nú þegar af mannvirkjum. Uppbyggingin hefur mikilvægt hlutverk fyrir samfélagið og styrkingu innviða en jafnframt er mikilvægt að gæta að náttúruverðmætum svæðisins. Nauðsynlegt er að tryggja gott jafnvægi milli verndunar og uppbyggingar. Áhrif á samfélagið eru talin jákvæð, þar sem framkvæmdin getur styrkt svæðið bæði félagslega og efnahagslega.

Umhverfispáttur	Svæðisskipulag Suðurnesja 2024-2040	Óbreytt stefnumótun
Landslag og ásýnd	Neikvæð (-)	Neikvæð (-)
Náttúruminjar	Neikvæð (-)	Neikvæð (-)
Samfélag	Jákvæð (+)	Óveruleg / engin (0)

3.4 Orkuvinnsla

Áherslur svæðisskipulagsins í orkuvinnslu á Suðurnesjum byggja á sjálfbærri nýtingu jarðhita, þar sem vinnsla fer ekki yfir þau mörk sem tryggja jafnvægi auðlindarinnar til langs tíma. Í því skyni skal beita nýjustu þekkingu og tækni við rannsóknir og vinnslu, meðal annars til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum með aðferðum eins og skáborunum og niðurdælingu affallsvatns. Þá er lögð áhersla á að hagnýta orkuflæði og efnisstrauma til fjölbreyttrar atvinnuuppbyggingar og jafnframt horfa til nýrra orkugjafa til að efla orkuöryggi svæðisins. Innan skipulagssvæðis eru Reykjanes, Svartsengi-Eldvörp, Sandvík, Sandfell, Sveifluháls og Austurengjar í nýtingarflokki rammaáætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða og Trölladyngja er í biðflokki (Rammaáætlun, 2025).

Orkuvinnsla á há- og lághitasvæðum getur haft veruleg jákvæð áhrif á samfélag og atvinnulíf, meðal annars með því að skapa grundvöll fyrir nýsköpun, störf og eflingu byggðar. Uppbygging tengd virkjunum og flutningskerfum getur aukið þjónustu og innviði á svæðinu og þannig styrkt samfélagið.

Öll orkuvinnslusvæðin á Suðurnesjum eru innan svæða sem skráð eru á náttúruminjasrá, ýmist innan Reykjanesfólkvangs eða svæða sem eru skilgreind sem aðrar náttúruminjar eins og svæðin Reykjanes, Eldvörp og Hafnaberg, ásamt Sundhnúksröðinni og Fagradal. Verndargildi þessara svæða felst einkum í fjölbreyttum jarðmyndunum, landslagi og útivistargildi. Framkvæmdir vegna orkuvinnslu og orkuflutnings eru líklegar til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufar og ásýnd svæðanna, einkum þar sem ný svæði, svo sem Stóra Sandvík, Eldvörp og Sandfell/Sveifluháls, krefjast tengingar við núverandi flutningskerfi. Almennt er svo litið á að á þessum svæðum verði minna beint landrask af loftlínum en vegna jarðstrengja en það fer þó eftir landgerð og skoða þarf nánar á seinni stigum. Loftlínur eru sýnilegri í landslaginu og áhrif á ásýnd nær yfir stærra svæði samanborið við jarðstrengi.



Umhverfisþáttur	Svæðisskipulag Suðurnesja 2024-2040	Óbreytt stefnumótun
Landslag og ásýnd	Neikvæð (-)	Neikvæð (-)
Náttúruminjar	Neikvæð (-)	Neikvæð (-)
Samfélag	Mjög Jákvæð (++)	Mjög Jákvæð (++)

4 Samræmi við áætlanir

Við mótn svæðisskipulagsins var litið til annarra áætlana sem endurspegla megináherslur vinnunnar. Um er að ræða bæði lögbundnar og stefnumarkandi áætlanir á landsvísu og svæðisbundnu stigi sem móta forsendur, markmið og áherslur í skipulaginu.

Sérstök áhersla var lögð á samræmi við nýja Landsskipulagsstefnu 2024-2038. Auk hennar eru yfirlit um tengsl svæðisskipulagsins við aðrar helstu áætlanir stjórnvalda (Tafla 4.1).

Samræmi við Landsskipulagsstefnu 2024-2038

Svæðisskipulag Suðurnesja 2024–2040 er unnið í samræmi við markmið, áherslur og aðgerðaráætlun Landsskipulagsstefnu 2024–2038. Í skipulaginu er tekið á öllum helstu viðfangsefnum stefnunnar, þ.m.t. loftslagsmálum, náttúruvá, innviðum, náttúruvernd, atvinnuþróun og samfélagi.

Samræmi við markmið A – Vernd umhverfis og náttúru

Svæðisskipulagið er í samræmi við landsskipulagsstefnuna um sjálfbæra þróun og náttúruvernd. Sérstakir kaflar svæðisskipulagsins fjalla um náttúruvernd, vatnsvernd og landslag.

Stefna svæðisskipulagsins um innviðauppbyggingu m.t.t. eldvirkni og áhættusvæða er í samræmi við landsskipulagsstefnu um aðlögun að loftslagsbreytingum og viðnámsþrótt innviða. Auk þess sem útfærsla Orkuvinnslu, nýtingu jarðhita, og uppbyggingu mannvirkja þarf að fylgja ákveðnum viðmiðum um náttúruvernd og útivist.

Samræmi við markmið B – Velsæld samfélags

Svæðisskipulagið fjallar um samfélag og eru þar margvísleg markmið sett fram. Skipulagið fjallar um fjölmenningu, menntun, heilbrigðisþjónustu, fjölbreyttar samgöngur, lýðheilsu og félagsþjónustu með tilliti til framtíðarsýnar og þjónustuparfa svæðisins. Í skipulaginu er einnig lögð áhersla á að tryggja nægjanlegt framboð húsnæðis.

Samræmi við markmið C – Samkeppnishæft atvinnulíf

Svæðisskipulagið stuðlar að sterku og fjölbreyttu atvinnulífi. Það afmarkar þróunarsvæði atvinnu, mótar stefnu fyrir uppbyggingu innviða og nýtingu orkuauðlinda. Áhersla er lögð á að umgjörð uppbyggingu atvinnugreina taki mið af náttúruvernd og sjálfbærri nýtingu.

Í svæðisskipulaginu er jafnframt fjallað um mikilvæga innviði fyrir Suðurnes.

Tafla 4.1 Tengsl svæðisskipulags Suðurnesja við aðrar áætlanir.

Áætlanir	Lýsing og helstu markmið áætlana	Atriði sem snerta Svæðisskipulag Suðurnesja
Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum til 2030	Áætlunin er framlag Íslands til að ná markmiðum Parísarsamningsins. Henni er ætlað að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda og leggja grunninn að markmiði stjórnvalda um kolefnishlutleysi Íslands árið 2040.	Svæðisskipulagið kveður á um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, auka bindingu kolefnis og velja aðgerðir sem skila mestum loftslagsávinningi á móti kostnaði, í samræmi við markmið Aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum til 2030.
Aðgerðaáætlun um orkuskipti	Í aðgerðaáætlun eru sett fram markmið um að stefnt sé að því að Ísland verði framarlega í notkun á endurnýjanlegum orkugjöfum.	Svæðisskipulagið styður við aðgerðaáætlun um orkuskipti með áherslu á sjálfbæra orkuvinnslu og áframhaldandi nýtingu jarðhita.
Bernarsamningur um villtar plöntur og dýr	Markmið samningsins er að vernda evrópskar tegundir villtra plantna og dýra og lífsvæði þeirra, einkum þeirra tegunda og lífsvæða sem fjölþjóðlegar samvinnu þarf til að vernda og stuðla að fjölþjóðlegri samvinnu þar sem hennar er þörf til að vernda tegundir villtra plantna, dýra og lífssvæða.	Svæðisskipulagið tekur mið af vistkerfum og vistgerðum með því að leitast við að lágmarka rask á viðkvæmum svæðum við staðsetningu framkvæmda.
Hafið – Stefna íslenskra stjórnvalda frá 2004	Stefna í málefnum hafsins grundvallast á því að halda heilbrigði, líffræðilegum fjölbreytileika og sjálfbærni hafsins við Ísland til framtíðar. Í því felst sjálfbær nýting, verndun og umgengni er byggist á rannsóknum og hagnýtingu þekkingar.	Svæðisskipulagið styður við markmið stefnunnar Hafið um vernd lífríkis og sjálfbæra nýtingu með því að gera grein fyrir ástandi strandsjávarglota, helstu ógnunum og aðgerðum til að tryggja gott ástand þeirra.
Hvítbók um húsnæðisstefnu	Í Hvítbók er brugðist við þeirri áskorun samfélagsins í húsnæðismálum að tryggja nægt framboð af fjölbreyttu húsnæði í jafnvægi við umhverfið.	Svæðisskipulagið styður við markmið Hvítbókar um húsnæðisstefnu með því að gera grein fyrir áætluðum fjölda íbúða til ársins 2033 og leggja áherslu á fjölbreytt íbúðaframboð í takt við íbúðapróun og breytta aldurssamsetningu.
Hreint loft til framtíðar	Að almenningur á Íslandi búi við hreint og heilnæmt andrúmsloft og að komandi kynslóðir megi njóta sömu eða betri loftgæða og þær sem nú byggja landið, þá er meginmarkmið umhverfis- og auðlindaráðuneytis í loftgæðamálum að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi.	Svæðisskipulagið styður við markmið stefnunnar Hreint loft til framtíðar með því að taka á þáttum sem hafa áhrif á loftgæði, meðal annars með aðgerðum sem draga úr losun frá samgöngum, mannvirkjagerð og landnotkun.
Kerfisáætlun 2025-2034 (drög)	Í kerfisáætluninni er að finna yfirlit yfir áætlaða þróun notkunar og framleiðslu raforku tengdri flutningskerfinu, auk þeirrar uppbyggingar sem ráðgerð er á flutningskerfinu til næstu 10 ára og framkvæmdaáætlun fyrir næstu 3 ár.	Svæðisskipulagið styður við markmið Kerfisáætlunar um örugga og skilvirka uppbyggingu flutningskerfis raforku, en þær tillögur sem fram koma um lagnabelti og tengingar milli orkuvera eru ekki hluti af langtíma- eða framkvæmdaáætlun áætlunarinnar.
Land og líf – landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt til ársins 2031	Áherslur áætlunar eru að (1) efla vernd, viðgang og heilleika vistkerfa á grunni vistkerfisnálgunar, (2) efla náttúrumiðaðar lausnir í loftslagsmálum sem samræmast alþjóðlegum skuldbindingum, (3) stuðla að sjálfbærri landnýtingu, (4) efla þekkingu, samstarf og lýðheilsu og (5) stuðla að sjálfbærri þróun byggða um allt land.	Svæðisskipulagið styður við markmið áætlunarinnar Land og líf með aðgerðum sem miða að því að bæta gróðurþekju og auka bindingu kolefnis í jarðvegi með tilliti til vistkerfa.

Tafla 4.1 Tengsl svæðisskipulags Suðurnesja við aðrar áætlanir.

Áætlanir	Lýsing og helstu markmið áætlana	Atriði sem snerta Svæðisskipulag Suðurnesja
Landslagssamningur Evrópu	Landslagssamningur Evrópu felur í sér áherslu á landslag sem sameiginlega auðlind Evrópuríkja. Ákvæði hans leggja skyldur á aðildarríkin um að viðurkenna mikilvægi landslags í löggjöf sinni og setja sér áætlanir um verndun, stjórnun og skipulag landslags.	Við mótnun svæðisskipulags er horft til markmiða Landslagssamnings Evrópu með því að horfa til landslags og landslagsupplifunar við ákvarðanir um framkvæmdir, meðal annars í tengslum við staðsetningu lagnabeltis og aðgerðir sem miða að bættri gróðurþekju.
Matvælastefna til 2040	Í matvælastefnu eru markmið um sjálfbærni matvælaframleiðslu, nýtingu auðlinda, fæðuöryggi, matvælaöryggi sem og þarfir neytenda og samspil við samfélag.	Svæðisskipulagið styður við markmið Matvælastefnu til 2040 með því að skilgreina þróunarsvæði fyrir matvælaframleiðslu sem byggir á nýtingu auðlinda og hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins, meðal annars í landeldi og líftækni.
Náttúruminjaskrá	Náttúruminjaskrá er listi yfir öll friðlýst svæði á Íslandi og mörg önnur merkileg svæði sem hafa ekki enn verið friðlýst. Skráin skiptist í þrjá hluta sem auðkenndir eru sem A, B og C-hluti. A-hluti er skrá yfir náttúruminjar og svæði sem hafa verið friðlýstar eða friðaðar. B-hluti er framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár þ.e. skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum og C-hluti er skrá yfir aðrar náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða.	Í svæðisskipulaginu er gerð grein fyrir verndarsvæðum á náttúruminjaskrá, sem ná yfir um 60% af svæðinu, og fara áherslur skipulagsins saman með markmiðum um vernd náttúrufars. Áfram er gert ráð fyrir uppbyggingu á hluta verndarsvæða, en með heildaryfirsýn í skipulagi er leitast við að draga úr neikvæðum áhrifum á verndargildi þeirra.
Orkustefna til 2050	Framtíðarsýn stefnunnar kveður m.a. á um að öll orkuframleiðsla sé af endurnýjanlegum uppruna. Orkan sé nýtt með sjálfbærum hætti samfélagi og almenningi til hagsbóta með traustum og áfallapolnum innviðum. Allri orkuþörf sé mætt með öruggum hætti til lengri og skemmri tíma, Ísland sé leiðandi í sjálfbærri orkuvinnslu og orkuskiptum og sátta ríki um vernd náttúru og nýtingu orkuauðlinda.	Svæðisskipulagið tekur mið af markmiðum Orkustefnu til 2050 með því að gera grein fyrir áframhaldandi nýtingu jarðhita, möguleikum á nýjum orkugjöfum á borð við vindorku og rafeldsneyti og nauðsyn uppbyggingar flutningskerfa til að mæta orkuþörf svæðisins.
Ramsarsamningur	Markmið Ramsarsamningsins er að stuðla að verndun og skynsamlegri nýtingu votlendissvæða í heiminum, sérstaklega sem lífsvæði fyrir votlendisfugla.	Svæðisskipulagið gengur ekki gegn markmiðum Ramsarsamningsins og gerir meðal annars ráð fyrir endurheimt vistkerfa, þar á meðal votlendis.
Samgönguáætlun 2020-2034	Markmið samgönguáætlunar eru að samgöngur séu greiðar til að tryggja búsetugæði, tengja vinnusóknarsvæði og efla atvinnulíf. Markmið eru um öruggar og hagkvæmar samgöngur, umhverfislega sjálfbærni og jákvæða byggðapróun.	Svæðisskipulagið styður við markmið Samgönguáætlunar 2020–2034 með áherslu á greiðar og öruggar samgöngur, t.a.m. tengingar við höfuðborgarsvæðið og Keflavíkurflugvöll.
Samningur Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni	Markmið samningsins eru þrjú: að vernda líffræðilega fjölbreytni, stuðla að sjálfbærri nýtingu hennar og tryggja ráðstöfunarrétt ríkja yfir erfðaeefni sínu og skiptingu hagnaðar af nýtingu þess.	Svæðisskipulagið gengur ekki gegn markmiðum samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni og gerir grein fyrir verndarsvæðum, vistkerfum og mikilvægi gróðurþekju sem hluta af loftslags- og náttúruvernd

Tafla 4.1 Tengsl svæðisskipulags Suðurnesja við aðrar áætlanir.

Áætlanir	Lýsing og helstu markmið áætlana	Atriði sem snerta Svæðisskipulag Suðurnesja
Stefnumótandi byggðaaætlun 2022-2036	Í Hvítbók um byggðamál eru markmið um jafnan aðgang að þjónustu, jöfn tækifæri til atvinnu og að stuðlað verði að sjálfbærni byggða um land allt. Tekið er á fjölmörgum þáttum samfélagsins, m.a. samgöngum, almenningsþjónustu, sjálfbærni, aðgengi að orku, landnotkun og virkri þátttöku íbúa.	Svæðisskipulagið styður við markmið byggðaaætlunar með því að gera grein fyrir vexti íbúafjölda, áætluðum íbúðum og þörf fyrir innviði, samgöngur og þjónustu sem tryggja búsetugæði á Suðurnesjum.
Stefnurammi í ferðaþjónustu til 2030	Framtíðarsýnin hverfist um sjálfbæra þróun og byggir á fjórum stoðum; efnahagur, samfélag, gestir og umhverfi. Áhersla er meðal annars á jákvæð áhrif á nærsamfélag, minnkandi kolefnisspor, orkuskipti og jafnvægi milli hagnýtingar og verndar náttúru og uppbygging innviða taki mið af því.	Svæðisskipulagið styður við markmið stefnurammans með því að gera grein fyrir þróun ferðamannastaða á Suðurnesjum og leggja áherslu á að uppbygging innviða taki mið af bæði vernd og nýtingu náttúru.
Aðalskipulagsáætlanir	Stefnumörkun sveitarfélaga um landnotkun, s.s. grunnkerfi, virkjanir, hverfisvernd, landbúnað, búsetu og fl.	Svæðisskipulagið setur ramma fyrir stefnumörkun aðalskipulagsáætlana sveitarfélaga um landnotkun, þar á meðal um grunnkerfi, atvinnuuppbyggingu, íbúðabygging og vernd svæða.
Vatnaáætlun Íslands 2022 - 2027	Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011 skulu vatnshlot ná umhverfismarkmiðum sínum auk þess sem vernda á öll vatnshlot þannig að tryggt verði að ástandi þeirra versni ekki.	Svæðisskipulagið styður við markmið Vatnaáætlunar Íslands 2022–2027 með því að gera grein fyrir ástandi strandsjávarhlota, helstu ógnunum og aðgerðum sem miða að því að tryggja gott ástand þeirra.
Verndar- og orkunýtingaráætlun	Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, eða rammaáætlun eins og hún er jafnan nefnd, er ætlað að stuðla að því að nýting landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti byggist á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati þar sem sjálfbær þróun er höfð að leiðarljósi.	Svæðisskipulagið tekur mið af Verndar- og orkunýtingaráætlun með því að gera grein fyrir þeim virkjunarkostum á svæðinu sem eru í nýtingarflokki og biðflokki.

5 Heimildir

Rammaáætlun. (september 2025). *Rammaáætlun*. Sótt frá <https://www.amma.is/rammaaetlun/>

Reykjanes Geopark. (september 2025). *Reykjanes Geopark*. Sótt frá <https://reykjanesgeopark.is/>

Samvinnunefnd um Svæðisskipulag Suðurnesja, VSÓ Ráðgjöf og Kanon Arkitektar. (2012). *Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024*. Samvinnunefnd um Svæðisskipulag Suðurnesja,.

Stjórn Vatnamála. (september 2025). *Vatnavefsjá*. Sótt frá <https://vatnavefsja.vedur.is/#/mainmap>

Stjórnarráð Íslands. (september 2025). *Heimsmarkmiðin*. Sótt frá <https://www.stjornarradid.is/verkefni/utanrikismal/althjodleg-throunarsamvinna/heimsmarkmidin/>

Umhverfisstofnun. (september 2025). *Náttúruminjaskrá*. Sótt frá <https://www.ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/>

Umhverfisstofnun og Stjórn Vatnamála. (2022). *Vatnaáætlun 2022-2027*. Umhverfisstofnun og Stjórn Vatnamála.